

Fréttabréf Naustatjarnar.
Mars 2018. 3. tbl. 14. árg.



Dagskráin í mars. Vikuna 12. til 16. mars er **þjóðmenningarvika**, þá fræðumst við um þau erlendu lönd sem börnin í skólanum okkar tengjast, börnin eru 9 frá 7 þjóðlöndum, Englandi, Póllandi, Thailandi, Ungverjalandi, Tékklandi, Þýskalandi og Kína. 20. mars er **ýngissveinadagur** og munu stúlkurnar gleðja piltana sérstaklega þann dag. Miðvikudaginn 21. mars er **opið á milli deilda og gulur dagur** en þá reynum við að mæta í einhverju gulu í skólann. Frá 26. mars og fram til 13. apríl vinna kennarar í Ferilmöppum barnanna og munu svo í kjölfarið bjóða foreldrum í samtöl á vorönn.

Fréttabréf og dagatöl eru seint á ferðinni. Eins og þið sjáið eru fréttabréf og dagatöl óvenju seint á ferðinni núna. Skýringin er sú að mikið hefur verið um veikindi í starfsmannahópnum og hefur umönnun og kennsla barnanna gengið fyrir öðrum verkefnum þessa dagana. Eftir því sem deildarstjórar ná að senda frá sér dagatöl, birtast þau á heimasíðu skólans.

Skipulagsdagar. Skólinn er lokaður dagana 22. mars og 23. mars vegna skipulagsdaga. Dagarnir verða nýttir í tveggja daga daga námskeið fyrir alla starfsmenn um Jákvæðan aga. Farið verður á Þórisstaði í Eyjafirði þar sem námskeiðið verður haldið og gistir hópurinn þar eina nótt.

Danskennsla í boði Foreldrafélags skólans. Stjórn Foreldrafélagsins fékk Evu Reykjalín til að vera með danskennslu fyrir börnin í febrúar og mars og eru börnin alveg ljómandi sátt við þetta framtak.

Breytingar í starfsmannahópnum. Karen Jónsdóttir leiðbeinandi hefur hafið störf vegna veikinda í kennarahópnum okkar. Hún sinnir afleysingum og fer á milli deilda. Við bjóðum hana velkomin í hópinn til okkar.



Samkvæmt framkvæmdaáætlun skólans hófst nýtt tímabil 26. febrúar og nær til 20. apríl 2018. Kennarar leggja sérstaka áherslu á verkfærin hér fyrir neðan. Fyrir neðan hvert verkfæri eru leiðir sem hægt að að fylgja í vinnu með Jákvæðan aga, hvort sem er heima fyrir eða í skólanum.

– **Eigðu gæðastundir með nemendum.**

Finum leiðir þar sem við getum gefið nemendum gæðastund, annað hvort þar sem það er einn kennari með nemanda eða einn kennari með fámennum hópi nemenda. Hægt er að spjalla saman, kúra saman og skoða bækur eða leika sér í rólegu og notalegu umhverfi.

– **Óskaðu eftir aðstoð**

Ef kennarar upplifa að þeir ráði ekki við aðstæður eða þá að þeir þurfa tíma til að ná jafnvægi (heilinn í hendi okkar) eiga þeir hiklaust að kalla á aðstoð samstarfsfélaga í samskiptum við nemendur.

– **Búðu til leiki**

Nemendum finnst gaman í leikjum, því er upplagt fyrir kennara að búa til leiki sem æfa ýmsa grunnþætti Jákvæðs aga. Leikir geta einnig bara verið til gamans, þar sem skapað er andrúmsloft jákvæðni, gleði og virðingar í hópnum.

– **Hugsaðu vel um þig**

Kennarar þurfa að vera í jafnvægi og tilbúnir í krefjandi, lifandi og skemmtilegt starf með nemendum. Því er mikilvægt að gæta að sjálfum sér, gæta að hvíld, hreyfingu og matarræði svo nemendur fái bestu kennarana hverju sinni.

– **Faðmlög, faðmlög, faðmlög**

Gefum nemendum okkar faðmlög, hvort sem þeir eru í jafnvægi eða þegar þeim líður illa. Þeir finna að þeir skipta okkur máli. Faðlag getur líka dregið úr spennu og vanlíðan hjá nemendum. Faðmlag getur gefið nemendum meira en mörg orð á stundum. Munum að nemendum gengur betur þegar þeim líður vel.

– **Segðu „Nei“ í hófi.**

Stundum koma upp atvik þar sem einfaldast og réttast er að segja „Nei“. Þegar við segjum „Nei“ segjum við það með ákveðni, festu og virðingu en sleppum öllum rökræðum.

Með kveðju, fyrir hönd kennara, Jónína.